

# Ársskýrsla Byggðasafns Reykjanesbæjar árið 2002

## Starfsemin

Rekstur: ársvelta byggðasafnsins árið 2002 var rúmlega 15 milljónir króna.

### Við safnið störfuðu eftirfarandi

frá 1. janúar til 31. janúar	Magnús Jónsson	almenn safnastörf,
frá 1. janúar til 31. mars	Skúli Magnússon	safngæsla
frá 1. maí til 31. ágúst	Jónas Páll Guðlaussón	safngæsla
frá 1. maí til 15. september	Brynja Lind Sævarsdóttir	safngæsla
frá 15. maí til 15. september	Sandra Sif Einarsdóttir	safngæsla
frá 15. október til 31. desember	Sandra Sif Einarsdóttir	fornleifaskráning
frá 1. maí til 31. desember	Björn Ragnarsson	almenn safnastörf
frá 1. janúar til 31. desember	Sigrún Ásta Jónsdóttir	forstöðumaður

Af þessum hafa þrír lokið sérnámi á ýmsum sviðum og þrír hafa lokið háskólanámi.

### Hús í umsjón safnsins.

Vatnsnes	sýningar og varðveisluhús – opið - jan til mar. einn dag í viku í 2,5 klst og síðar eftir samkomulagi
Innri-Njarðvík	sýningarhús, opið eftir samkomulagi
Stekkjakot	sýningarhús, opið einn mánuð daglega frá kl. 14 til 17 síðan eftir samkomulagi.
Duus hús	sýningarhús 400 fermetrar með listasafni frá september opið frá 11. maí til 15. sept. daglega frá 11 til 18 frá 16. sept. til 31. des. daglega frá 13 til 17 Geymsla fyrir stóra gripi (um 200 fermetrar)
Röst	Geymsla, munir (um 300 fermetrar)
Kjarni	Geymsla, myndir (í samvinnu með skjalasafni) (um ***

Gestir voru rétt um 16 þúsund, langstæðsti hluti þess fjölda voru almennar heimsóknir bæjarbúa og gesta, nokkuð hefur verið um hópa sérstaklega að vori og að hausti. Nokkrir hópar skólabarna af þrem skólastigum skoðuðu sýningar í Duushúsum og eitthvað var um að Stekkjarkot væri heimsótt. Þá sóttu um 400 skólabörn jóladagskrá sem unnin var í samvinnu við Listasafn og Bókasafn Reykjanesbæjar.

### Opun sýninga og dagskrá

Fastasýning “Bátafloti Gríms Karlssonar” í vestursal Duus húsa 11. maí.  
Sérsýning “Yfirlit um Poppminjasafn Íslands”, Bókasafnið, Kjarna.  
Þátttaka í sýningarbás bæjarfélagsins á handverkssýningu í Laugardalshöll  
Jólaleikrit fyrir leiksólabörn og 1. til 3. bekk grunnskólans.

## Varðveisla

### Safnauki 2002

- \*Safnauki muna 229 færslur skráðar, staðsetningu lokið að hluta
- \*Safnauki mynda yfirlitsskráning, ekki umfangsmikið

### *Úr fórum safnsins*

\*Poppminjasafn Íslands skráð að hluta

\*Mikil vinna fór í að flokka og grófhreinsa muni til að búa þá undir flutning..

\*Unnið var við tölvuskráningu myndasafns og voru rúmlega 8000 myndir skráðar og merktar.

### *Rannsóknir*

Hafin var vinna við fornleifaskráningu í bæjarlandinu undir faglegrri leiðsögn dr Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið bæjarfélagsins. Sandra Sif Einarasdóttir, þjóðfræðingur sá um skráninguna.

Í tengslum við það verkefni uppgötvuðust húsarústir á áður óþekktum minjastað, í Höfnum. Gerðar voru tvær prufuholur þar sem langeldur kom í ljós og styrkti þetta okkur í þeirri trú að hér væri um landnámsminjar að ræða.

### *Annað*

Unnið var að gerð skýrslu um byggðasafnið til afhendingar nýju nefndarfólki.

Unnið að stefnumótun fyrir byggðasafnið einkum söfnunarstefnu þess.

Unnið að stefnumótun fyrir menningarhús bæjarins.

Talsvert af munum voru lánaðir á sýningu Saltfiskseturs Íslands í Grindavík.

### *Fundir og ráðstefnur*

Safnstjóri sótti samráðsfund sjóminjasafna á Íslandi á Eyrarbakka og Farskóla Safnmanna á Höfn í Hornafirði.

Hann sótti ráðstefnu Sagnfræðingafélagsins og Félags þjóðfræðinga á Íslandi á Kirkjubæjarklaustri og sat íslenska söguþingið í Reykjavík

Tók þátt í vinnu stýrihóps um mótun safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar undir forsæti þjóðminjavarðar.

Sat talsvert marga vinnufundi vegna Poppminjasafns Íslands og vinnufundi vegna skipulags og uppbyggingar menningahúsa bæjarfélagsins.

Auk þess sem safnstjóri sat stjórnarfundum FÍSOS auk nokkurra funda Safnaráðs.